

Ed.

267. Frumvarp til laga

um endurveitingu borgararéttinda.

Flm.: Lárus Jóhannesson.

1. gr.

Dómsmálaráðherra heimilast að veita þeim, sem sviptir hafa verið borgara- og atvinnuréttindum með dómi eða vegna afleiðinga refsisdóms fyrir afbrot framin fyrir 17. júní 1944, réttindi sín aftur án umsóknar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Gert er ráð fyrir, að almenn sakauppgjöf eða náðun fari fram í tilefni lýðveldis-
stofnunarinnar, og kemur hún ekki að fullum notum, nema þeir, sem verða náðun-
arinnar aðnjótandi, fái aftur þau réttindi, sem þeir hafa misst við refsisdóm. Því er
þetta frumvarp flutt.